

REGLUGERÐ**um iðgjöld hinna tryggðu og atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1965.**

Árið 1965 skulu iðgjöld samkvæmt 26. og 28. gr. almannatryggingalaga nr. 40/1963, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkv. 26. gr. l. nr. 40/1963:

a. Hjón	kr. 3135.00
b. Karlar	— 2850.00
c. Konur	— 2140.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 28. gr. l. nr. 40/1963:

Fyrir hverja vinnuviku	— 27.50
------------------------------	---------
3. Í janúar 1965 skal greiða upp í iðgjald samkv. 26. gr. sem hér segir:

a. Hjón og karlar	— 1600.00
b. Konur	— 1100.00

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1964.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsen.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Reykjavík.****1. gr.**

Gjöld þau, er um ræðir í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, skulu innheimt með álagi svo sem hér segir:

1. Gjöld samkvæmt staflið a, af virðingarverði byggingarlóða, með 200% álagi.
2. Gjöld samkvæmt staflið b, af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja, með 100% álagi.
3. Gjöld samkvæmt staflið c, af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna, með 200% álagi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi 1. janúar 1965 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1964.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsen.